LEIKHÚS
KVIKMYNDIR
TÓNLIST
SKEMMTANIR

# Líf & fjör




umsjón Gunnþóra Gunnarsdóttir

umsjón Valdís Viðars

# Við verðum alls staðar

***Stólar eftir Gunnar H. Guðmundsson og Pétur P. Lúthersson, veflistaverk eftir Júlíönu Sveinsdóttur og Ásgerði Búadóttur, leirlist eftir Gest og Rúnu, Ragnar Kjartansson og Hauk Dór, skart eftir Leif Kaldal og Jens Guðjónsson. Allt þetta og fjölmargt fleira er á hönnunarsýningu, sem opnuð verður í kvöld í Garðatorgi í Garðabæ.***



*Aðalsteinn Ingólfsson í sérhönnuðum hægindastól eftir Svein Kjarval. MYND: GVA*

Þetta er kynningarsýning nýstofnaðs hönnunarsafns, sem ýtt var úr vör seint á síðasta ári," segir Aðalsteinn Ingólfsson, forstöðumaður hins nýja safns.

„Þarna er kynning á íslenskri hönnun á árunum 1950-1970, en á þeim árum má segja að hönnunarhugtakið hafi fest sig í sessi á Íslandi. Sýningin er sett upp af því tilefni að Garðabær hefur tekið að sér hönnunarsafnið. Þar getur að líta húsbúnað af ýmsu tagi svo sem húsgögn, lampa, veflistaverk og leirlist, og líka skart og grafíska hönnun af ýmsu tagi.

Safnið er í mótun og hefur ekkert húsnæði enn sem komið er til að stilla upp þeim verkum sem því berast. Verkefni þess næstu árin er hreinlega að safna og fylla upp í geymslu. Við höfum hinsvegar áform um að um leið og við erum komin með ákveðið magn af gripum, tækifæri gefst og gjafir berast þá leigjum við sýningarhúsnæði og efnum til sýninga í nafni safnsins. Þetta gerir okkur á vissan hátt sveigjanleg í starfi að hafa í ekkert hús að venda, það þýðir að við verðum að vera alls staðar! Högum bara seglum eftir vindi.

Segja má að sýningin núna sé því forsmekkurinn af því sem koma skal. En Garðabær hefur í hyggju að byggja myndarlega yfir safnið þegar fram líða stundir.

Það er löng hefð fyrir svona söfnum í Skandinavíu og víðar og við verðum með málþing í fyrirlestrasal Fjölbrautaskólans í Garðabæ á morgun, laugardaginn 16. október, kl. 10.00-16.00, þar sem rætt veður um stöðu og hlutverk hönnunarsafna í nútíð og framtíð og þar eru frummælendur ýmsir forstöðumenn erlendra hönnunarsafna."

GUN

# Lego-list og dauðahvöt

Á laugardaginn verður opnuð sýning í Listasafninu á Akureyri á verkum Stefáns Jónssonar. Stefán er Akureyringur og stundaði framhaldsnám í myndlist við School of Visual Arts í New York, en er í dag búsettur í Singapore. Hann er m.a. þekktur fyrir gólfskúlptúra sína, sem hann vinnur úr Lego-kubbum og eru tilbrigði við heimsþekkt listaverk í vestrænni listasögu, allt frá tímum endurreisnar til daga impressionismans. Segja má að Stefán bjóði þunga listasögunnar birginn, með því að nota fjöldaframleidda plastkubba til að endurskapa verðmætustu listaverk sögunnar.



*Hjálmar Sveinsson varpar ljósi á dauðahvötina í íslenskri myndlist í Sjónauka.*

### Dauðahvötin

Á sama tíma verður opnuð í Listasafninu sýning sem hlotið hefur nafnið „Sjónauki" og er sú fyrsta í röð yfirlitssýninga, sem verða á vegum safnsins.

Í Sjónauka býðst ýmsum hugsuðum að rýna í sögu myndlistarinnar, en fyrstur til að ríða á vaðið er Hjálmar Sveinsson, heimspekingur og útvarpsmaður á RÚV. Hjálmar mun fjalla um „dauðahvötina", í íslenskri myndlist, en Freud kallaði það dauðahvöt, þegar hann var að lýsa því hvernig einkenni allrar þróunar og siðmenningar væri að yfirvinna hana.

Hjálmar hefur valið 13 verk frá Listasafni Reykjavíkur, Kjarvalsstöðum, sem eiga það flest sameiginlegt að vera landslagsmálverk. Hann segir að ákveðinn sterkur þráður liggi í íslenskri málaralist, þráin eftir hinum algera samruna við náttúruna. Hann fékk hugmyndina þegar hann var að skoða bók með myndum eftir Jóhann Briem og tók eftir því hvernig mannfólkið í myndunum rann saman við náttúruna.

Hjálmar segir að þrá manneskjunnar um samruna við náttúruna sé svo sterk, að hún þurrki út hennar eigin hvöt, þess vegna séu það mjög algengar sjálfsmorðstilraunir þar sem fólk lætur sig hverfa í náttúruna til dæmis með því að ganga í sjóinn. Harmleikur mannsins er því sá, að hann getur ekki og verður aldrei hluti af náttúrunni eins og önnur dýr.

-W



*Gólfskúlptúrar Stefáns eru tilbrigði við heimsþekkt listaverk.*

## UM HELGINA



*Karlakór Akureyrar - Geysir.*

### Söngför í landnám Ingólfs

Karlakór Akureyrar - Geysir var stofnaður 11. október 1990 og á því ekki langa sögu að baki, en kórinn var stofnaður með samruna tveggja karlakóra á Akureyri sem höfðu starfað í hartnær sjö áratugi, karlakórinn Geysir frá árinu 1922 en Karlakór Akureyrar frá árinu 1929. Stjórnandi kórsins er Roar Kvam og undirleikari í þessari söngferð til höfuðborgarsvæðisins er Richard Simm, sem verið hefur undirleikari kórsins til margra ára. Einsöng með kórnum syngur tenórinn Þorgeir J. Andrésson.



*Þorgeir J. Andrésson.*

Karlakór Akureyrar - Geysir hefur allt frá stofnun haldið uppi listrænum metnaði sem fallið hefur áheyrendum vel í geð. Það er ekki síst áhugi og metnaður söngstjórans, Roars Kvam, sem kveikt hefur þennan eldmóð í brjóstum söngmanna. Þann metnað höfðu forverarnir að sjálfsögu líka, bæði fyrrum söngstjórar og karlakórarnir. Lagavalið og flutningur kórsins hefur sameinað mikinn metnað til listrænnar sköpunar og skemmta áheyrendum, því fjölbreytni laganna hefur verið mikið.

Tónleikarnir verða haldnir í Selfosskirkju í kvöld kl. 20.00, á laugardag í Hásölum í Hafnarfirði kl. 14.00, í Gerðarsafni í Kópavogi kl. 16.00 og sama kvöld kl. 20.30 Salnum tónlistarhúsi Kópavogs.

-W

### Völin & kvölin & mölin

Leikfélagið Hugleikur frumsýnir nýtt leikverk sem nefnist Völin & kvölin & mölin í Möguleikhúsinu við Hlemm, laugardagskvöldið 16. okt. kl. 20.30. Leikstjóri er Þorgeir Tryggvason. Verkið er baðstofudrama í rómantískum raunsæisstíl og fjallar um ungan sveitamann sem yfirgefur foreldra og heitmey til að afla sér menntunar í Reykjavík. Í höfuðstaðnum kynnist hann broddborgurum samfélagsins, Danadindlum og hugumstórum sjálfstæðishetjum. En þar er einnig brennivín að bergja á og brögðóttar konur. Segjum ekki meir...

